

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bergheima.

1. gr.

Bergheimar er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili stofnunarinnar er að Fjarðarási 10, 110 Reykjavík og varnarþing er í Reykjavík. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnandi Bergheima er Líknar- og vinafélagið Bergmál, kt. 490294-2019 og því til staðfestu undirrita félagar Bergmáls stofnskrá þessa. Fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag þeirra.

3. gr.

Stofnfé Bergheima er húseignin Bergheimar að Upphæðum 2A, Sólheimum, Grímsnesi, 801 Selfossi, fastanúmer 231-8480 sem er skv. meðfylgjandi greinargerð frá endurskoðanda og árituðum efnahagsreikningi Bergmáls, bókfærð á kr. 61.839.746 og eru þá talin með húsgöng og innréttingar. Efnahagsreikningurinn er áritaður af löggiltum endurskoðanda þann 18. janúar 2010.

Húseignin ásamt húsgögnum og búnaði auk stofnfjár að upphæð kr. 5.000.000 er lögð fram af Líknar- og vinafélaginu Bergmáli samkvæmt einróma samþykkt á aðalfundi þess þann 20. janúar 2010.

4. gr.

Markmið Bergheima er að eiga og annast húseign stofnunarinnar til orlofsdvalar í þeim tilgangi að hlynna að krabbameinssjúkum, langveikum, blindum og öldruðum á vegum Bergmáls og annarra styrktar- og líknarfélaga.

5. gr.

Stjórn Bergheima er skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn og fimm til vara.

Stjórnarmenn skulu kosnir af Líknar- og vinafélaginu Bergmáli á aðalfundi þess félags annað hvert ár. Stjórnarformaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn skipta síðan með sér verkum.

Boða skal stjórnarfund símleiðis, í tölvupósti eða með bréfi með 6 daga fyrirvara. Stjórnarfundur er lögmaður þegar fjórir stjórnarmenn mæta og löglega er til hans boðað. Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða og hefur stjórnarformaður oddaatkvæði.

Stjórn veitir stjórnarformanni umboð til að annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

Stjórn skal bóka fundi í sérstaka fundargerðabók.

6. gr.

Stjórn Bergheima ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það varðar hann persónulega.

7. gr.

Tekjur Bergheima er arður af húsnæði stofnunarinnar, frjáls framlög frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum auk annars aflafjár. Tekjum stofnunarinnar er einungis heimilt að ráðstafa í samræmi við markmið hennar.

8. gr.

Reikningsár Bergheima er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Fyrsta reikningsárið hefst við undirritun skipulagsskrár þessarar og lýkur 31. desember 2010.

Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem ráðinn er af stjórninni til eins árs í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir viðkomandi stjórnvaldi eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

Ársreikningur stofnunarinnar fyrir ár hvert skal lagður fram á aðalfundi Líknar- og vínafélagsins Bergmáls.

9. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna Bergheima þarf til að breyta skipulagsskrá þessari.

Stofnuninni verður aðeins slitið með sameiginlegri ákvörðun allra stjórnarmanna. Við slit á Bergheimum renna allar eigur þess til líknarsamtaka sem vinna að málefnum skv. 4. grein.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 29. nóvember 2010.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.